


2. fundur hverfisráðs Grímseyjar, 19. nóvember 2012 kl. 16.00

Mætt voru: Jóhannes Gísli Henningsson formaður, Sigrún Þorláksdóttir ritari og Magnús Þór Bjarnason.

1. Ráðið leggur til að útbúin verði íþróttaaðstaða við sundlaugina þar sem hvort eð er þarf að ráðast þar í talsvert miklar framkvæmdir og endurbætur. Ótækt þykir að eyjabúar hafi ekki aðgang að íþróttaaðstöðu og enn frekar að kenna þurfi skólabörnum íþróttir í samkomusal þar sem ekki má einu sinni nota bolta og engin sturtuaðstaða er til staðar. Leggjum við til að byggt verði við sundlaugina og má þá nýta forstofu, búningsklefa og sturtur sem þar eru.
2. Þá leggjum við til að lagaðar verði sturtur í sundlauginni, einungis eru 3 í hvorum klefa og hefur í það minnsta ein þeirra sem í kvennaklefanum er verið í ólagi í allavega 2 ár.
3. Laga þarf svæði í kringum leikvöll, tína steina úr jarðvegi, setja dren í kring þar sem völlurinn er iðulega á floti í vatni og setja upp stærri sandkassa.
4. Fargjöld sem Grímseyingar þurfa að borga fyrir ferju og flug hækka stöðugt og orðið illmögulegt fyrir fjölskyldufólk að fara á milli. Ef eingöngu er laust dýrasta fargjald með flugi kostar sætið 14.190 krónur. Þá hækkar einnig stöðugt gjaldskrá Samskipa þegar kemur að flutningum milli lands og eyjar.
5. Varðandi Grímseyjarskóla er ótalmargt sem ekki er hægt að búa við lengur. Börnin keyptu t.a.m. sjálf skjávarpa í aðra skólastofuna fyrir riflega 140.000 krónur úr skólasjóðnum sínum sem á að vera til þess fallinn að þau geti farið í ferðalög, t.d. til að komast á skíði enn dag á ári. Pennan sjóð safna þau sjálf í.
6. Þá eru tölvuborðin í skólanum orðin meira og minna ónýt, töflurnar í kennslustofunum eru gamlar töflur úr öðrum skólum Akureyrarbæjar, tölvustólar eru allir að verða ónýtir, hillur eru í miklu ólagi og enn vantar skjávarpa í aðra kennslustofuna. Svona má áfram telja.
7. Skilti vantar á tjaldsvæði við Múla og einnig þyrfti að útvega þar búnað svo ferðafólk á húsbílum eða í fellihýsum geti tengt sig við rafmagn.
8. Gámasvæðið við höfnina þarfnast mikilla lagfæringa. Þar þarf að steypa plan undir góðana og gera allt svæðið snyrtilegra og aðgengilegra.

9. Skólpmál eyjarinnar þarf að fara í og laga.
10. Upphitunarkostnaður Grímseyinga er með ólíkindum og leggjum við til að haldið verði áfram að bora eftir heitu vatni.
11. Hverfisráð furðar sig mjög á því að Akureyrarbær skuli ekki beita sér af meiri krafti fyrir auknum byggðakvóta. Úthlutunin til Grímseyjar er vægast sagt hlægileg!

Jóhannes Gísli Henningsson



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Jóhannes Gísli Henningsson". It is written in a cursive script with some variations in letter height and slant.

Sigrún Þorláksdóttir



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Sigrún Þorláksdóttir". It is written in a cursive script with some variations in letter height and slant.

Magnús Þór Bjarnason



A handwritten signature in black ink, appearing to read "Magnús Þór Bjarnason". It is written in a cursive script with some variations in letter height and slant.